

Föstudaginn 10. september 1993.

Nr. 283/1993. **Íslandsbanki hf.**

gegn

**Birgit M. Johansson.**

Kærumál. Útburður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 1. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðili verði borinn út úr húsnæði því að Seljabraut 54 í Reykjavík, sem lýst er í úrskurðinum. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar. Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Í hinum kærða úrskurði er gerð grein fyrir margþættum ágreiningi málsaðila um réttarstöðu þeirra varðandi leiguumráð yfir framangreindu húsnæði. Dómaframkvæmd hefur löngum verið sú, að beinni aðfarargerð verði ekki komið fram, nema réttmæti kröfu gerðarbeiðanda sé svo vafalaust, að jafna megi til þess, að dómur hafi gengið um hana. Sams konar viðhorf komu fram í athugasemd með 78. gr. í frumvarpi til laga nr. 90/1989. Með vísan til þessa og með hliðsjón af Norsku lögum Kristjáns konungs V. frá 15. apríl 1687, VI. bók, 14. kapítula, 6. gr., um ofríki og hervirki, brestur lagaskilyrði til þess, að úr réttarágreiningi þeim, sem uppi er í málinu, verði skorið í útburðarmáli.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Rétt er eftir þessum málsúrslitum, að sóknaraðili greiði varnaaðila 50.000 krónur í kærumálskostnað. Við ákvörðun hans hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Sóknaraðili, Íslandsbanki hf., greiði varnaaðila, Birgit M. Johansson, 50.000 krónur í kærumálskostnað.

# Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 16. júní 1993.

## I.

Mál þetta, sem þingfest var 1. þ. m., var tekið til úrskurðar 9. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi.

Gerðarbeiðandi er Íslandsbanki hf., kr. 421289-5069, Laugavegi 31, Reykjavík, en gerðarþoli Birgit M. Johansson, kt. 060424-8029, Urriðakvísil 26, Reykjavík.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru, að gerðarþoli ásamt öllu, sem henni tilheyrir, verði borinn út úr húsnæðinu Seljabraut 54, Reykjavík, nánar tiltekið þeim hluta húsnæðisins, þar sem gerðarþoli rekur myndbandaleigu og söluturn. Enn fremur krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar að mati dómsins og að fjárnám verði heimilað fyrir kostnaði af vantanlegri gerð.

Dómkröfur gerðarþola eru, að krafa gerðarbeiðanda um útburð nái ekki fram að ganga og gerðarbeiðanda verði gert að greiða gerðarþola málskostnað „með hliðsjón af gjaldskrá LMFÍ“. En verði fallist á kröfu gerðarbeiðanda, krefst gerðarþoli, að aðfararfrestur ákvarðist sex mánuðir og að málskot til æðra dóms fresti aðför.

— — —

## Ú r s k u r ð a r o r ð :

Krafa gerðarbeiðanda nær ekki fram að ganga. Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola 50.000 krónur í málskostnað.

-----